

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði.

1. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sbr. 3. gr. laga nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið og bókun 1 við EES-samninginn:

- a. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/819 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 að því er varðar hagsmunaárekstra, mat á félagslegum áhrifum og upplýsingar til fjárfesta á sviði evrópskra félagslegra framtakssjóða, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2020 frá 30. apríl 2020 um upptöku reglugerðarinnar í IX. viðauka (frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 55 frá 26. ágúst 2021, bls. 136-142.
- b. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/820 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 að því er varðar hagsmunaárekstra á sviði evrópskra áhættufjármagnssjóða, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2020 frá 30. apríl 2020 um upptöku reglugerðarinnar í IX. viðauka (frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB nr. 55 frá 26. ágúst 2021, bls. 143-146.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. og 2. mgr. 16. gr. laga nr. 31/2022, um evrópska áhættufjármagnssjóði og evrópska félagslega framtakssjóði, öðlast þegar gildi.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 29. júní 2022.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Elísabet Júlíusdóttir.